

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 312/76

frá 9. febrúar 1976

um breytingu á ákvæðum er varða rétt launþega til þátttöku í stéttarfélögum í reglugerð (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar, ⁽²⁾*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Koma þarf fram í 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins ⁽³⁾, að launþegar sem eru ríkisborgarar eins aðildarríkis en starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skuli einnig njóta jafnréttis hvað varðar rétt félagsmanna í stéttarfélagi til að gegna stjórnar- eða stjórnunarstörfum í stéttarfélagi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 er breytt svo sem hér segir:

1. Á eftir yrðingunni „að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði“ í fyrsta málslíð 1. mgr. 8. gr. komi:

„og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið.“

2. 2. mgr. falli hér með niður.

*2. gr.*Reglugerð þessi tekur gildi á þriðja degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

G. THORN

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 280, 8. 12. 1975, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 12, 17. 1. 1976, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2.